

AUGLÝSING

um samning milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenkrar og íslenskrar lögsögu.

Hinn 20. febrúar 1997 var undirritaður í Nuuk samningur milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenkrar og íslenskrar lögsögu. Samningurinn öðlaðist gildi til bráðabirgða við undirritun. Með ályktun 26. febrúar 1997 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar
innan grænlenkrar og íslenskrar lögsögu.

1. gr.

Grænenskum nótaskipum, þ.e. nótaskipum sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenkra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt, á loðnuvertíðinni er lýkur 30. apríl 1997, að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands innan íslenskrar efnahagslögsögu. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn).

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta þeim sem Grænland fær í sinn hlut á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. loðnusamningsins um svæðatakmarkanir er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta Íslands í tilraunaskyni innan grænlenkrar fiskveiðilögsögu sunnan 64°30'N á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997. Samkvæmt beiðni af hálfu Grænlands skal heimila líffræðingi að vera um borð við tilraunaveiðarnar.

4. gr.

Að öðru leyti gilda um veiðarnar og stjórn þeirra ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

5. gr.

Samningur þessi skal taka gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hefur verið endanlega fullnægt.

Gjört í Nuuk 20. febrúar 1997 í fjórum eintökum, tveimur á dönsku og tveimur á íslensku.

Fyrir hönd Grænlands/Danmerkur,

Fyrir hönd Íslands,

Bent Buch.

Jóhann Sigurjónsson.